

**59. Skólanefndar Tálknafjarðarhrepps haldinn Miðtúni 1, Tálknafirði,
fimmtudaginn 24. febrúar 2011 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Birna Benediktsdóttir (BB), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Anna Kristín Hjálmarsdóttir (AKH), Trausti Þór Sverrisson, Sigurlaug Guðmundsdóttir (SG),

Fundargerð ritaði: Birna Benediktsdóttir, .

Ragnar A. Gambrell boðaði forföll.

Dagskrá:

- 1. 1102052 - Endurskoðun á reglum leikskóladeildar Tálknafjarðarskóla, Vindheima.**
Guðlaug kynnti drög að endurskoðuðum reglum leikskóladeildar Tálknafjarðarskóla. Nefnin gerði breytingar á nokkrum greinum reglugerðarinnar og nefndi var sátt við þær athugasemdir sem áður höfðu komið. Trausti tók að sér að setja breytingarnar inn og mun hann síðan leggja þær í heild sinni fyrir næsta skólanefndarfund.
- 2. 1102026 - Félagsmiðstöðin**
Formlega var tekin fyrir umsókn forstöðumanns félagsmiðstöðvarinnar Tunglsins og var hún samþykkt. Sveitastjóra falið að ganga frá umsókninni við umsækjanda.
- 3. 1102053 - Samband íslenskra sveitarfélaga námskeið fyrir skólanefndir.**
Kynnt var námskeið sem haldið verður 2. maí fyrir skólanefndir og nefndar menn hvattir til að mæta.
- 4. 0909096 - Upplýsingagjöf skólastjóra**
Trausti fór yfir starf leik- og grunnskóla, starfsemin gengur vel og margt spennandi framunda. Guðlaug kallaði eftir haustskýrslunni og skólanámskránni þ.s. það hefur fyrirfarist að leggja hana fyrir skólanefndina. Trausti ætlar að setja sig í samband við Ásrúnu á morgun og fá það á hreint hvenær hún kemst til okkar.
- 5. 1001015 - Önnur mál**
Birna Ben lagði fyrir dæmi um erindisbréf vegna æskulýðs og íþróttanefndar. Nefndin þarf að fara í það verk að útbúa þannig skjal sem lýsir starfsemi og skildum nefndarinnar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:10.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____